

**Kennari:**  
Alexía Ósk Sigurðardóttir  
Sandra Sif Rúnarsdóttir

**Kennslufyrirkomulag:**  
Samþætt í öllum námsgreinum.

**Tímafjöldi:**  
Skólafærni er þjálfuð í öllu daglegu starfi.

**Bekkur:**  
4. bekkur

### Skólafærni

Í aðalnámskrá er lögð áhersla á að grunnskólinn skapi vettvang til að þroska með nemendum hæfni í grunnþáttum sem undirbúa þá undir þátttöku í lýðræðissamfélagi.

Skólafærni er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans. Menntagildið felst meðal annars í því að þroska sjálfsvitund og samskiptahæfni nemenda og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi og getu til að nýta sér styrkleika sína til áframhaldandi náms og starfsþróunar þegar þar að kemur. Með því að skilgreina hæfniviðmið í skólafærni í öllu námi frá upphafi skólagöngu er lagður grunnur að alhliða þroska nemenda. Hæfni til tjáningar, gagnrýnnar hugsunar, hæfni til samstarfs við aðra, sjálfsþekkingar, ábyrgðar og sjálfstæðis, frumkvæðis og skapandi hugsunar eru meðal þeirra þátta sem leggja grunn að heildstæðri almennri menntun alla ævi.

### Skólafærni

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: Að nemandi geti:	Leiðir:
Tjáning og miðlun	Enska	- Getur tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt.	Daglegt starf
	Íslenska	- Getur hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum.	Samræður
	Náttúrufræði	- Notað algengan orðaforða sem við á og tengist umfjöllunarefni hverju sinni.	Áhorf
	Stærðfræði	- Getur gert grein fyrir hugsunum sínum, skoðunum og þekkingu á þann hátt sem við á hverju sinni.	Einstaklingsvinna
	Smiðjur		Paravinna
	Leikir		Hópavinna
			Vettvangsferðir

			Ritun
			Heimildavinna
Sjálfstæði og samvinna		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Getur unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á.</li> <li>- Getur gert sér grein fyrir styrkleikum sínum.</li> <li>- Getur unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi innan skóla.</li> <li>- Getur gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi.</li> <li>- Getur tekið jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasamfélagi sínu.</li> <li>- Getur tekið leiðsögn á jákvæðan hátt.</li> <li>- Sýnir vönduð vinnubrögð.</li> </ul>	Rannsóknir
			Skapandi skil
			Sjálfsmat
			Jafningjamat
			Leiðbeinandi samtöl

Skapandi og gagnrýnin hugsun		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Getur skipulagt sig og notað viðeigandi aðferðir við úrlausn verkefna.</li> </ul>	




		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Getur lagt mat á árangur sinn.</li> <li>- Getur gert sér grein fyrir að iðulega er hægt að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn verkefna og að læra má af mistökum og nýta þau á skapandi hátt.</li> <li>- Getur greint milli staðreynda og skoðana.</li> <li>- Getur endurskoðað úrlausn viðfangsefna út frá mismunandi sjónarhornum á skapandi hátt.</li> </ul>	
Nýting miðla og upplýsinga		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Getur leitað upplýsinga í námi á ólíkum miðlum.</li> <li>- Getur notað miðla nokkuð sjálfstætt við nýsköpun, hugmyndavinnu og kynningu efnis.</li> <li>- Getur sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og verið meðvitaður um gildi ábyrgrar netnotkunar.</li> </ul>	
Ábyrgð og mat á eigin námi		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Getur gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvar hann getur staðið sig betur í námi.</li> <li>- Getur sett sér markmið í námi, með aðstoð.</li> <li>- Sýnir virðingu og kurteisi í samskiptum.</li> </ul>	
<b>Námsmat:</b>	<p>Námsframvinda og skólafærni nemenda er metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti. Lögð er áhersla á að námsmat sé leiðbeinandi fyrir nemendur og alltaf í samræmi við stöðu þeirra og vísi þeim veginn áfram í náminu.</p> <p>Skólafærni er ekki afmörkuð námsgrein heldur vísar til viðhorfa og vinnubragða sem þjálfuð eru í öllu starfi skólans. Þessi námskrá er því sameiginleg öllum námsgreinum í 3.-4. bekk Stapaskóla og gert ráð fyrir að nemendur sýni fjölbreyttari og vaxandi hæfni eftir því sem þeir verða eldri.</p>		

## Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága